

Starfssamfélög á netinu

Þátttakendur í Samspili fá að kynnast starfssamfélögum Menntamiðju á netinu og nota þau til að deila reynslu og þekkingu til áframhaldandi starfsþróunar. Einnig fá þátttakendur aðgang að sérstöku samfélagssvæði á netinu.



Að baki Menntamiðju eru fjölmörg starfssamfélög kennara tengd ýmsum kennslugreinum, verkefnum og tækni. Áætlað er að virkja samfélögin í tengslum við Samspil 2015. Vakin verður athygli á efni námskeiða og annars námsefnis á samfélagsmiðlum og miðlað hugmyndum og námsgögnum sem sýna hvernig hægt er að flétta upplýsingatækni að kennslu hinna ýmsu námsgreina og námssviða á öllum skólastigum. Umræðan á samfélagsmiðlum verður tengd við þema hvers mánaðar.

Febrúar	Upplýsingatækni í starfsþróun og framtíð menntunar
Mars	Samvinna í skýjunum
Apríl	Samfélagsmiðlar
Maí	Sköpun, tjáning, miðlun, læsi, upptökur og myndvinnsla
Ágúst	Rafrænt samstarf, eTwinning
September	Námsumsjón og námsmat
Október	Forritun og leikjafræði
Nóvember	Faggreinakennsla: sköpun, tjáning, miðlun
Desember	Námsefnisgerð, opið menntaefni og höfundaleyfi

Janúar

Næstu skref og framtíðin